



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 30/2019

#### Endurákvörðun rekstrargjalds Farice ehf. vegna rekstraráranna 2015-2018

#### I.

##### *Inngangur*

(1) Mál þetta varðar endurákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á rekstrargjaldi Farice ehf. (Farice), kt. 511203-2950, vegna rekstraráranna 2015-2018 (mál nr. 2019090033).

#### II.

##### *Málavextir*

#### **2.1 Fyrri boðun PFS á endurákvörðun rekstrargjalds vegna**

(2) Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 17. október sl., til Farice ehf. (Farice) boðaði stofnunin endurákvörðun rekstrargjalds á félagið vegna rekstraráranna 2015-2018. Að mati PFS hefði félagið gefið upp of lága veltu til rekstrargjalds allt frá álagningarárinu 2013 vegna rekstrarársins 2012. Vegna fyrningarsjónarmiða myndi PFS þó ekki endurákvörðun lengra aftur í tímann en síðustu fjögur ár. Lagaheimild fyrir umræddri endurákvörðun væri að finna í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

(3) PFS boðaði því hækkun rekstrargjalds á Farice vegna umræddra ára upp á [...] <sup>1</sup> kr. Í stað rekstrargjalds upp á [...] kr., í samræmi við það sem félagið taldi fram, skyldi það vera [...] kr., sbr. neðangreint:

[...].

#### **2.2 Andmæli Farice**

(4) Með bréfi Farice til PFS, dags. 13. nóvember sl., bárust andmæli félagsins við framangreindum áformum stofnunarinnar um endurákvörðun rekstrargjalds vegna rekstraráranna 2015-2018. Þar kom fram að Farice teldi sig hafa gefið upp réttar

---

<sup>1</sup> Fellt brott sökum trúnaðar. Það sama á við um hornklofa í framhaldinu.

upplýsingar um þá veltu sem notuð hefði við á umræddum árum til grundvallar útreiknings á rekstrargjaldi, þ.e. að með bókfærðri veltu í skilningi 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 væri átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hafa af fjarskipta- og póststarfsemi sinni *hér á landi*.

(5) Þá kom fram að á löngum lista yfir skráð fjarskiptafyrirtæki væri Farice eina fyrirtækið með skilgreinda starfsemi sem sæstrengur. Sæstrengir félagsins lægju að mestu utan tollhelgi Íslands. Því mætti færa rök fyrir því að meginhluti starfsemi Farice væri erlendis og þar með bæri að hlutfalla tekjur félagsins samsvarandi til grundvallar útreiknings rekstrargjalds. Þetta hefði félagið hins vegar ekki gert, heldur skilgreint sölu til innlendra fjarskiptafyrirtækja sem „*rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi*.“

(6) Félagið hefði hins vegar ekki talið sem stofn til rekstrargjalds tekjur frá erlendum aðilum sem tengdust gagnaverum, erlendum fjarskiptafyrirtækjum sem nýttu sæstrengi Farice utan Íslands og tekjur samkvæmt samningi við ríkissjóð.

(7) Á árinu 2018 hefðu erlendar tekjur sem Farice teldi ekki til fjarskiptastarfsemi hér á landi skipst þannig að u.þ.b. helmingur hefði komið frá erlendum fjarskiptafyrirtækjum, þar sem tekjurnar væru að stærstum hluta fyrir þjónustu frá Færeyjum til Skotlands eða framhaldssambanda frá Grænlandi til Danmerkur með viðkomu í Landeyjarstöð. Sem dæmi þá rukkaði Fjarskiptaeftirlitið í Færeyjum ekki rekstrargjald af sambærilegum tekjum sem þarlendir aðilar fá af notkun erlendra aðila á sæstreng á milli Færeyja og Skotlands sem tengist Orkneyjum og Hjaltlandseyjum.

(8) Hinn helmingur teknanna tengdist gagnaverum og væri í raun minnsti hluti fjarskiptasambandsins hérlendis og segja mætti að allar tekjurnar kæmu erlendis frá þó lítill hluti kæmi í gegnum íslensk fyrirtæki og þá gjarnan dótturfyrirtæki erlenda aðilans. Auk þess væri mikil samkeppni í þessari grein og verð lág og þyldu endar aukaálögur. Hvorugur hópurinn hefði „*rekstrartekjur af fjarskiptastarfsemi hér á landi*“ vegna samninga við Farice.

(9) Þjónustusamningurinn milli Farice og ríkissjóðs hefði það í raun að markmiði að lækka skuldir Farice. Samningurinn hefði verið í gildi á árunum 2012-2018 og ef gert hefði verið ráð fyrir því að félagið þyrfti að greiða rekstrargjald af þessum greiðslum þá hefði upphæðin úr ríkissjóði væntanlega verið samsvarandi hærri. Það yrði einnig að teljast nokkuð langsótt að greiðslur úr ríkissjóði teldust til „*rekstrartekna af fjarskiptastarfsemi hér á landi*.“

(10) Að ofangreindu virtu teldi Farice að hin boðaða endurákvörðun PFS á rekstrargjaldi félagsins vegna umræddra ára væri byggð á misskilningi og hafnaði henni því.

### **2.3 Upplýsingaöflun PFS**

(11) Með tölvupósti PFS til Farice, dags. 22. nóvember sl., óskaði PFS eftir frekari sundurliðun á tekjum félagsins á umræddum árum. Óskaði stofnunin eftir að tekjurnar yrðu sundurliðaðar með neðangreindum hætti:

1. Tekjur frá erlendum aðilum sem tengjast gagnaverum á Íslandi
2. Tekjur frá erlendum aðilum sem nýta Farice utan Íslands
3. Tekjur frá innlendum fjarskiptafyrirtækjum
4. Tekjur frá innlendum gagnaverum
5. Tekjur vegna framhaldssambands frá Grænlandi til Danmerkur með viðkomu í Landeyjarstöð
6. Samningur við ríkissjóð
7. Aðrar tekjur

### **2.3 Svar Farice við fyrirspurn PFS**

(12) Með tölvupósti Farice til PFS, dags. 28. nóvember 2019, barst svar félagsins við ofangreindri fyrirspurn stofnunarinnar. Þar kom fram:

[...].

### **2.4 Boðun PFS á endurákvörðun álagningar rekstrargjalds Farice vegna rekstraráranna 2015-2018**

(13) Með bréfi PFS til Farice, dags. 5. desember 2019, kom fram að í samræmi við ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og fordæmi, m.a. úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 1 í máli nr. 7/2010, dags. 2. febrúar 2011, sem staðfest hefði ákvörðun PFS nr. 28/2010, dags. 7. október 2010, er varðaði kröfu Símans um endurgreiðslu ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna af meintri fjarskiptastarfsemi utan Íslands, teldi PFS einsýnt að umræddir tekjuliðir Farice skyldu mynda stofn til rekstrargjalds:

- Tekjur frá erlendum aðilum sem tengjast gagnaverum á Íslandi
- Tekjur frá innlendum fjarskiptafyrirtækjum
- Tekjur frá innlendum gagnaverum
- Tekjur vegna framhaldssambands frá Grænlandi til Danmerkur með viðkomu í Landeyjarstöð

(14) Farice hefur á undanförunum árum aðeins talið lið númer tvö til rekstrargjalds, þ.e. tekjur frá innlendum fjarskiptafyrirtækjum. PFS hefði ekki í hyggju að leggja rekstrargjald á liðina „aðrar tekjur“, „samningur við ríkissjóð“ og „tekjur frá erlendum aðilum sem nýta Farice utan Íslands“.

(15) Þessu til stuðnings vísaði PFS til orða úrskurðarnefndar í ofangreindum máli þess efnis að ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 skyldi skýrt á þann veg að stöfuðu tekjur af fjarskiptaþjónustu fjarskiptafyrirtækis hér á landi, eða af rekstri fjarskiptanets hans hér á landi, bæri að telja tekjurnar til bókfærðrar veltu sem mynduðu stofn til rekstrargjalds í skilningi ákvæðisins.

(16) Þann 13. maí 2016 hefi PFS lagt rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2015. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2015 hefði réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár átt að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta væri því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...]

kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi væri því [...]  
kr.

(17) Þann 12. maí 2017 hefði PFS lagt rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2016. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2016 hefði réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár átt að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta væri því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi væri því [...]  
kr.

(18) Þann 15. maí 2018 hefði PFS lagt rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2017. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2017 hefði réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár átt að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta væri því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi væri því [...]  
kr.

(19) Þann 14. maí 2019 hefði PFS lagt rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2018. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2018 hefði réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár átt að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta væri því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi væri því [...]  
kr.

(20) Yfir framangreint fjögurra ára tímabil hefði Farice greitt rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. en hefði átt að greiða [...] kr. en þar munaði [...] kr. Uppgefin velta félagsins umrædd fjögur ár hefði verið [...] kr. en hefði átt að vera [...] kr. en þar munaði [...] kr.

(21) Samkvæmt 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun væri stofnuninni heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reyndist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar. Ljóst væri að álagningarstofn Farice vegna rekstraráranna 2012-2018 hefði ekki verið réttur vegna ástæðna sem rekja mætti til félagsins sjálfs, en um væri að ræða sjö ár. Vegna fyrningarsjónarmiða hefði PFS þó aðeins í hyggju endurákvarða rekstrargjald á félagið vegna rekstraráranna 2015-2018.

(22) Að ofangreindu virtu hefði PFS í hyggju að endurákvarða rekstrargjald félagsins vegna rekstraráranna 2015-2018 í samræmi við þá sundurliðun sem fram kæmi í kafla II. hér að ofan. Álagt rekstrargjald vegna áranna fjögurra hækkaði því um [...] kr.

(23) Var Farice veitt færi á að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun PFS á rekstrargjaldi félagsins vegna ofangreindra ára.

## **2.5 Andmæli Farice við boðun PFS á endurákvörðun álagningar rekstrargjalds á Farice vegna rekstraráranna 2015-2018**

(24) Í bréfi Farice til PFS, dags. 13. desember 2019, kom fram að stofnunin hefði í boðunarbréfi sínu, dags. 5. desember sl., fallist að hluta til á rök Farice fyrir skilgreiningu á rekstrargjaldi. Miðað við skilgreiningu PFS gæti Farice fallist á að tekjur tengdar gagnaverum gætu talist til *fjarskiptastarfsemi hér á landi*, þar sem kerfi Farice tengdust innlendum fjarskiptakerfum og merki byrjuðu eða enduðu hér á landi. Það væri hins vegar óheppilegt að rekstrargjald væri reiknað af þessari starfsemi þar sem uppbygging gagnavera hefði verið áherslumál stjórnvalda og mikil samkeppni ríkti við önnur lönd og verð væru lág.

(25) Farice væri hins vegar ekki sammála því að sala á framhaldssambandi um Danice, sem hluti af sambandi á milli Grænlands og Danmerkur, teldist til tekjustofns rekstrargjalds. Uppruni merkja eða sendinga væri utan Íslands og tengdist ekkert innlendum fjarskiptakerfum. Merkin færu óbreytt frá Grænlandi til Danmerkur og öfugt, og færu eingöngu beint í gegnum landtökustöð Farice á Landeyjarsandi. Landtökustöð væri ekki tengistöð í þeim skilningi eins og símsstöðvar eða aðrar skiptistöðvar. Engir viðskiptavinir á Íslandi fengu tengingar í umræddri landtökustöð. Það yrði því vandséð að þessi framhaldstenging teldist til *fjarskiptastarfsemi hér á landi*. Sambærileg staða væri í Færeyjum þar sem ekki væri reiknað rekstrargjald vegna kaupa BT á bandvídd á leiðinni Skotland-Færeyjar-Hjaltlandseyjar-Orkneyjar-Skotland. Farice teldi því að boðuð endurákvörðun á rekstrargjaldi vegna framhaldssambands um Danice frá Grænlandi til Danmerkur á misskilningi byggða.

### **III.**

#### *Rekstrargjaldsstofn*

(26) Í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, er að finna ákvæði um gjaldstofn til rekstrargjalds. Þar kemur fram að fjarskiptafyrirtæki skuli árlega greiða PFS rekstrargjald sem nemur 0,38% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem þessir aðilar hafa af *fjarskiptastarfsemi sinni hér á landi*.

(27) Hugtakið *fjarskiptastarfsemi* er ekki skilgreint í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Í 1. mgr. 1. gr. laganna segir að lögin gildi um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet. Samkvæmt þessu má gagnálykta á þá leið að lögin gilda ekki um rekstrartekjur af virðisaukandi þjónustu fjarskiptafyrirtækja né um tekjur af þeirri starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem er fjarskiptastarfsemi óviðkomandi. Í 3. gr. fjarskiptalaga er að finna orðskýringar. Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim orðskýringum sem hér geta skipt máli.

- *Fjarskipti* er hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

- *Fjarskiptafyrirtæki* er sá aðili sem tilkynnt hefur PFS um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets<sup>2</sup>.
- *Fjarskiptaþjónusta* er þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur.
- *Fjarskiptanet* er sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennilínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

(28) Af framangreindri umfjöllun má ráða að vega verður og meta hvert tilvik fyrir sig þegar úr því er skorið hvort tekjur af tiltekinni þjónustu teljast tengjast *fjarskiptastarfsemi* eða hvort um virðisaukandi þjónustu eða þjónustu óviðkomandi fjarskiptarekstri sé að ræða.

(29) Samkvæmt orðanna hljóðan gildir ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 einungis um rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af fjarskiptastarfsemi á Íslandi. Því ber ekki að greiða rekstrargjald af rekstrartekjum fjarskiptafyrirtækja sem aflað er utan Íslands, þ.e. ef starfsemin fer ekki fram hér á landi. Slíkt er að mati PFS augljóst ef fjarskiptastarfsemin fer t.d. fram í erlendu dótturfélagi íslensks fjarskiptafyrirtækis og fjarskiptavirki hins íslenska fjarskiptafyrirtækis sem staðsett eru hér á landi eru ekki nýtt til tekjuöflunarinnar hins erlenda dótturfélags að hluta til eða öllu leyti. Einnig ef fjarskiptastarfsemi hins íslenska fjarskiptafyrirtækis fer fram að öllu leyti erlendis í gegnum fjarskiptavirki sem staðsett eru erlendis og eru á engan hátt tengd fjarskiptavirkjum félagsins hér á landi.

(30) Að mati PFS á undanþágan því aðeins við ef fjarskiptavirki hins íslenska fjarskiptafyrirtækis sem staðsett eru á Íslandi koma á engan hátt við sögu við umrædda tekjuöflun, eins og nánari grein verður gerð fyrir í kafla III hér að neðan.

(31) Í þessu sambandi má einnig vísa til úrskurðar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 7/2010, dags. 2. febrúar 2011, sem staðfesti ákvörðun PFS nr. 28/2010, dags. 7. október 2010, er varðaði kröfu Símans um endurgreiðslu ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna af meintri fjarskiptastarfsemi utan Íslands. Í ofangreindum úrlausnum er m.a. fjallað um hvað átt sé við með „fjarskiptastarfsemi hér á landi“ í skilningi 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003.

---

<sup>2</sup> PFS lítur svo á að hugtakið *fjarskiptastarfsemi* taki því bæði til reksturs fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanets. Fjarskiptastarfsemi er því víðtækari en svo að einungis sé átt við rekstur fjarskiptaþjónustu. Þannig verður að telja að undir fjarskiptastarfsemi falli einnig rekstur fjarskiptaneta og rekstur sem tengist fjarskiptum órofa böndum eins og það hugtak er skilgreint í lögnum. Undir þennan skilning PFS hefur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála tekið í úrskurði nr. 3/2009 (Snerpa ehf. Hringiðan ehf. og Tölvun ehf.), sbr. bls. 8. Þá segir í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 3/2006: „Málsaðila greinir einnig á um hvaða þjónusta Símans hf. skuli teljast fjarskiptaþjónusta, og því hluti af gjaldstofni, og hvaða þjónusta skuli teljast virðisaukandi þjónusta eða að öðru leyti falla utan stofns. Hvað þetta varðar vísast í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 og skilgreiningar II. kafla laga nr. 81/2003.“

(32) Í ofangreindu máli taldi Síminn að svokölluð On-Waves fjarskiptaþjónusta til skipa, reikiþjónusta erlendis og SMS heildsala væri ekki fjarskiptaþjónusta sem veitt væri hér á landi. Taldi Síminn höfuðmáli skipta hvar umrædd þjónusta væri nýtt, en ekki hvaða fjarskiptanet eða fjarskiptavirki væru notuð við þjónustuna. Að mati Símans teldist ofangreind þjónusta ekki þjónusta sem veitt væri hér á landi, auk þess sem hún væri að verulegu leyti veitt í gegnum fjarskiptanet annarra fyrirtækja en Símans.

(33) Í ofangreindum úrskurði úrskurðarnefndar kom fram að samkvæmt 1. gr. laga nr. 69/2003 hefði PFS umsjón með framkvæmd fjarskiptamála *hér á landi* eftir því sem mælt væri fyrir um í lögnum. Ljóst væri að umræddu rekstrargjaldi væri ætlað að standa straum af eftirliti PFS með fjarskiptafyrirtækjum, fjarskiptaþjónustu þeirra og starfrækslu þeirra á fjarskiptanetum. Því teldi nefndin að rekstrargjald skyldi greiðast af öllum þeim tekjum sem til kæmu af veitingu fjarskiptaþjónustu Símans hér á landi og þeim tekjum sem stöfuðu af rekstri þeirra fjarskiptaneta sem Síminn starfrækti hér á landi og væru sett undir eftirlit PFS með lögum nr. 69/2003.

(34) Síminn hélt því fram að ekki skyldi telja með við útreiknings rekstrargjalds reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands, því um væri að ræða þjónustu sem viðskiptavinir Símans notuðu sem staddir væru erlendis. Fjarskiptanet erlendra fyrirtækja væru notuð til að veita þjónustuna og fjarskiptanet Símans kæmu eingöngu við sögu þegar viðskiptavinur hans hringdi erlendis frá í íslenskt númer. Þá kæmi símtalið til Íslands í gegnum útlandagátt Símans, þ.e. svokölluð umferð til Íslands, og væri því ekki frábrugðið öðrum erlendum símtölum til landsins. Þá segir á bls. 14 í úrskurðinum:

*„Ekki virðist umdeilt að þegar viðskiptavinur kæranda er staddur erlendis og hringir í erlent símanúmer fari símtalið um fjarskiptanet erlendra fjarskiptafyrirtækja. Þannig virðist fjarskiptanet kæranda ekki koma við sögu í slíkum tilvikum. Kærandi innheimtir hins vegar fyrir símtalið og skilar viðeigandi tekjum til sammingsaðila sem í hlut eiga, skv. samtengisamningum sem kærandi hefur vel að merkja gert á grundvelli þess tíðnileyfis sem hann hefur hér á landi. Í umræddum tilviki er viðskiptavinur kæranda að mati nefndarinnar að notfæra sér þá fjarskiptaþjónustu sem kærandi veitir viðskiptavinum sínum hér á landi, eftir atvikum þá þjónustu sem kærandi býður með samtengisamningum sínum við erlend fjarskiptafyrirtæki.*

*Þegar af þeirri ástæðu getur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála ekki fallist á þau rök kæranda að reikiþjónusta erlendis falli utan gjaldstofns til rekstrargjalds, jafnvel í þeim tilvikum að símtal fari ekki um fjarskiptanet kæranda, þar sem viðskiptavinur kæranda er engu að síður að nýta sér þá fjarskiptaþjónustu sem kærandi veitir hér á landi í skilningi 14. gr. laga nr. 69/2003.*

*Á þessi skýring sér jafnframt stoð í úrskurði yfirskattanefndar í máli nr. 80/2001, sem báðir aðilar málsins vísa til. Þar var m.a. deilt um hvort greiða skyldi rekstrargjald af tekjum af jarðstöðvum í Noregi. Yfirskattanefnd taldi svo vera og áréttaði að fjarskiptaþjónusta geti talist veitt hér á landi þótt fjarskipti fari um erlent fjarskiptavirki.*

*Jafnframt má vísa til niðurstöðu yfirskattanefndar í sama máli, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að telja yrði tekjur af samtengiþjónustu að öllu leyti sem tekjur kæranda sem féllu undir stofn til rekstrargjalds, óháð því hvort kærandi þyrfti*

*síðan að greiða innlendum eða erlendum aðilum hlutdeild í þeim tekjum, enda er rekstrargjald lagt á bókfærða veltu kæranda samkvæmt 4. mgr. 14. gr. án tillits til eftirfarandi uppgjörs kæranda við samningsaðila sína.*

*Varðandi svokallaða umferð til Íslands er ljóst að viðskiptavinur kæranda er ekki eingöngu að nýta sér fjarskiptaþjónustu þá sem kærandi veitir viðskiptavinum sínum hér á landi, heldur er jafnframt verið að nýta fjarskiptanet kæranda. Er kröfum kæranda, um að tekjur vegna reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands falli utan gjaldstofns til rekstrargjalds, því hafnað“*

(35) Varðandi On-Waves kom fram í úrskurði úrskurðarnefndar að í samningi Símans við erlent símafélag, sem lagt hefði verið fram í málinu, kæmi fram að um væri að ræða viðauka við gildandi alþjóðlegan reikisamning Símans og hins erlenda félags. Í viðhengi við ofangreindan viðauka kæmi m.a. fram að viðeigandi kóði þjónustunnar væri ISLOC og Ísland væri landið þar sem starfsemin færi fram (e. country of operation). Þjónustan væri því byggð á kóða sem PFS hefði úthlutað kæranda eftir íslenskum fjarskiptalögum- og reglum. Með vísan til þessa og notkunar á fjarskiptaneti Símans hér á landi við veitingu þjónustunnar yrði ekki fallist á röksemdir Símans um endurgreiðslu rekstrargjalds hvað varðar On-Waves þjónustu.

(36) Varðandi SMS heildsölu kom fram í úrskurði úrskurðarnefndar að Síminn væri með umræddri þjónustu að móttaka, umflytja og senda mikið magn af SMS textaskilaboðum fyrir erlendan aðila. Kærandi gerði það með því að nýta hið innlenda fjarskiptanet sitt og því teldi nefndin að tekjur vegna þjónustunnar mynduðu stofn til rekstrargjalds í skilningi 14. gr. laga nr. 69/2003.

(37) Að lokum kom fram í úrskurði úrskurðarnefndar að með vísan til alls framangreinds yrði ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 skýrt á þann veg að stöfuðu tekjur af fjarskiptaþjónustu Símans hér á landi, eða af rekstri fjarskiptanets hans hér á landi, bæri að telja tekjurnar til bókfærðrar veltu sem mynda stofn til rekstrargjalds í skilningi ákvæðisins.

(38) Þess má geta að skilgreining rekstrargjaldsstofnsins í ofangreindri 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 er nokkuð óvenjuleg miðað við það sem við á í lögum um tekjuskatt. Við ákvörðun skattstofnsins er aðeins tekið tillit til tekna gjaldanda, þ.e. gjöld koma ekki til frádráttar við ákvörðun skattstofns. Þetta er frábrugðið ákvörðun tekjuskattstofns rekstraraðila samkvæmt tekjuskattslögum þar sem að þar er tekið tillit til gjalda þannig að skattlagning fer fram á grunni nettó tekna. Að því er varðar rekstrargjaldið þá fer skattlagning hins vegar fram á grunni brúttó tekna. Um sönnunarbyrði fyrir því hvort ákveðnir tekjuliðir falli undir rekstrargjaldsstofninn eður ei skal miða við almennar sönnunarreglur, þ.e. þeim er það stendur næst ber sönnunarbyrðina, og hafa ber hliðsjón af stjórnarsýslulögum og reglum stjórnarsýsluréttar<sup>3</sup>.

---

<sup>3</sup> Þetta var staðfest í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006. Sjá umfjöllun á bls. 70.



(39) Samkvæmt öllu ofangreindu var hugsunin að baki rekstrargjaldinu að um væri að ræða einfaldan brúttóskatt með lágri skattprósentu<sup>4</sup>. Vætanlega var þetta gert til að framkvæmdin yrði einföld fyrir bæði fjarskiptafyrirtækin og fámenna fagstofnun og ágreiningsmál um skattstofninn í lágmarki. Hafa verður þetta í huga við skýringu ákvæðisins.

#### IV.

##### *Niðurstaða PFS*

(40) Í samræmi við umfjöllun í kafla IV hér að framan um ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og fordæmi, m.a. ofangreindan úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. í máli nr. 7/2010, dags. 2. febrúar 2011, sem staðfesti ákvörðun PFS nr. 28/2010, dags. 7. október 2010, er varðaði kröfu Símans um endurgreiðslu ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna af meintri fjarskiptastarfsemi utan Íslands, telur PFS einsýnt að umræddir tekjuliðir Farice skuli mynda stofn til rekstrargjalds:

- Tekjur frá erlendum aðilum sem tengjast gagnaverum á Íslandi
- Tekjur frá innlendum fjarskiptafyrirtækjum
- Tekjur frá innlendum gagnaverum

(41) Farice hefur á undanförunum árum aðeins talið lið númer tvö til rekstrargjalds, þ.e. tekjur frá innlendum fjarskiptafyrirtækjum. Eftir bréfaskipti við Farice hefur félagið fallist á að allir ofangreindir þrír liðir skuli mynda stofn til rekstrargjalds. PFS hyggst ekki leggja rekstrargjald á liðina „aðrar tekjur“, „samningur við ríkissjóð“, „tekjur frá erlendum aðilum sem nýta Farice utan Íslands“ og „tekjur vegna framhaldssambands frá Grænlandi til Danmerkur með viðkomu í Landeyjarstöð“.

(42) Í boðunarbréfi sínu, dags. 5. desember sl., hafði PFS í hyggju að ákvarða að síðastgreindi liðurinn, þ.e. „tekjur vegna framhaldssambands frá Grænlandi til Danmerkur með viðkomu í Landeyjarstöð“ myndaði stofn til rekstrargjald. Í andmælum félagsins, dags. 13. desember sl., kom að félagið væri ekki sammála því að sala á framhaldssambandi um Danice, sem hluti af sambandi á milli Grænlands og Danmerkur, teldist til tekjustofns rekstrargjalds. Uppruni merkja eða sendinga væri utan Íslands og tengdist ekkert innlendum fjarskiptakerfum. Merkin færu óbreytt frá Grænlandi til Danmerkur og öfugt, og færu eingöngu beint í gegnum landtökustöð Farice á Landeyjarsandi. Landtökustöð væri ekki tengistöð í þeim skilningi eins og símstöðvar eða aðrar skiptistöðvar. Engir viðskiptavinir á Íslandi fengu tengingar í umræddri landtökustöð. Það yrði því vandséð að (43) þessi framhaldstenging teldist til *fjarskiptastarfsemi hér á landi*. Sambærileg staða væri í Færeyjum þar sem ekki væri reiknað rekstrargjald vegna kaupa BT á bandvídd á leiðinni Skotland-Færeyjar-Hjaltlandseyjar-Orkneyjar-Skotland. Farice teldi því að boðuð endurákvörðun á rekstrargjaldi vegna framhaldssambands um Danice frá Grænlandi til Danmerkur á misskilningi byggða.

---

<sup>4</sup> Þessi skilningur PFS var staðfestur í úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2006 á bls. 67. Þar segir: „Gjaldið var ákveðið sem lág prósentu af bókfærðri veltu fyrirtækjanna. Má leiða líkur að því að helst hafi ráðið þeirri ákvörðun vilji til þess að innheimta á gjaldinu væri sem einföldust.“

(44) Með vísan til ofangreindra skýringa og rökstuðnings Farice fellur PFS frá því að telja liðinn „*tekjur vegna framhaldssambands frá Grænlandi til Danmerkur með viðkomu í Landeyjarstöð*„ til rekstrargjalds.

(45) Þann 13. maí 2016 lagði PFS rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2015. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2015 ætti réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta er því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi er því [...] kr.

(46) Þann 12. maí 2017 lagði PFS rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2016. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2016 ætti réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta er því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi er því [...] kr.

(47) Þann 15. maí 2018 lagði PFS rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2017. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2017 ætti réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta er því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi er því [...] kr.

(48) Þann 14. maí 2019 lagði PFS rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. á Farice, en félagið hafði gefið upp rekstrargjaldsstofn að fjárhæð [...] kr. fyrir rekstrarárið 2018. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2018 ætti réttur rekstrargjaldsstofn félagsins umrætt rekstrarár að vera [...] kr. Munurinn á uppgefnum rekstrargjaldsstofni og hinum rétta er því [...] kr. Rekstrargjald hefði því átt að vera [...] kr. en ekki [...] kr. Munurinn á álöögðu rekstrargjaldi og réttu rekstrargjaldi er því [...] kr.

(49) Yfir framangreint fjögurra ára tímabil greiddi Farice rekstrargjald að fjárhæð [...] kr. en hefði átt að greiða [...] kr. en þar munar [...] kr. Uppgefin velta félagsins umrædd fjögur ár var [...] kr. en hefði átt að vera [...] kr. en þar munar [...] kr.

(50) Samkvæmt 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er stofnuninni heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar. Ljóst er að álagningarstofn Farice vegna rekstraráranna 2012-2018 var ekki réttur vegna ástæðna sem rekja má til félagsins sjálfs, en um er að ræða sjö ár. Vegna fyrningarsjónarmiða hyggst PFS þó aðeins endurákvarða rekstrargjald á félagið vegna rekstraráranna 2015-2018.

(52) Að ofangreindu virtu endurákvarðar PFS rekstrargjald Farice vegna rekstraráranna 2015-2018 í samræmi við þá sundurliðun sem fram kemur hér að ofan. Álagt rekstrargjald vegna áranna fjögurra hækkar því um [...] kr.

*Ákvörðunarorð*

1. Rekstrargjaldsstofn Farice ehf. vegna rekstraráranna 2015-2018 ákvarðast [...] í stað [...] og rekstrargjald umræddra rekstrarára ákvarðast [...] kr. í stað [...].
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 20. desember 2019*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson